

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu, um 1
það, hvert skuli renna sektir eptir 39. gr. laga 14. septbr. 1877. Í brjefi dagsettu 10. jan.
 22. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, að gefnu tilefni frá sýslumanninum í Snæ-
 fellsness og Hnappadalssýslu, beiðzt leiðbeiningar minnar um það, hvert sekt-
 ir eptir 39. gr. laga 14. sept. 1877, um kosningar til alþingis, eigi að renna, en
 um þetta vanti skýlaus fyrirmæli í nefndum lögum. Hafið þjer jafntramt tekið
 fram, að eðlilegast virðist, að sektirnar renni í landssjóð, bæði vegna þess, að
 nefnd lagagrein gjöri ráð fyrir þyngri hegning samkvæmt lögum, sem sje hegn-
 ingarlögunum, og vegna þess, að mál útaf brotum þeim, er höfð eru fyrir
 augum í nefndi lagagrein, eigi að meðhöndlast sem sakamál, þar sem það sje
 eigi beinlínis tekið fram, að með þau skuli farið sem opinber lögreglumál, sbr.
 brjef landshöfðingja 20. desbr. 1881 (Stj.tíð. 1881 3. bls. 157—158).

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birt-
 ingar, að jeg er samdóma áliti yðar um þetta atriði.

Auglýsing.

Samkvæmt fyrirmælum ráðgjafans fyrir Ísland skal jeg hjer með leiða
 athygli að eptirnefndum kennslubókum sem vel löguðum til notkunar við barna-
 kennslu í skólum og heimahúsum á Íslandi. Bækurnar eru:

Barnabækur alþýðu, 1. bók. Stafrofskver, samið af J. J. (með skriflettri og
 myndum). Kaupmannahöfn 1899, á kostnað Bókasafns alþýðu.

Barnabækur alþýðu, 2. bók. Nýjasta barnagullið. Kaupmannahöfn 1899,
 kostnaðarmaður Oddur Björnsson.

Reykjavík, 13. janúar 1900.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.